



Greinargerð um framkvæmd samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Starfsáætlun Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir árið 2015 hefur staðist að öllu leyti það sem af er ári og starfið gengið vel. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti starfseminnar.

Rannsóknastarf

Rannsóknaverkefni Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum sem áætluð voru á starfsárinu eru í fullum gangi og ganga samkvæmt áætlun. Þá bættist stórt þjónustuverkefni við í aprílmánuði sem Náttúrustofan stýrir en Rannsóknasetur HÍ og Þekkingarsetrið eru aðilar að. Verkefnið snýr að vöktun vegna fráveitu affallsvökva til Arfadalsvíkur í Grindavík. Vöktunin er hafin og mun að öllum líkindum standa yfir næstu árin.

Uppbygging rannsóknastöðvar Þekkingarsetursins hefur staðið yfir síðustu tvö ár, með styrk frá ráðherranefnd um atvinnumál. Þróunarverkefninu lauk um síðustu áramót og er rannsóknastöðin nú sjálfbær um eitt stöðugildi líffræðings. Starfsemi hennar hefur verið tryggð út þetta ár hið minnsta. Vel hefur gengið að afla styrkja og komu þeir síðustu frá Samfélagssjóði Landsbankans að andvirði 250.000 kr., úr Vaxtarsamningi Suðurnesja að andvirði 1.000.000 kr. og frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að andvirði 1.000.000 kr. Landsbankinn styrkir áframhaldandi rannsóknir á vistfræði fjara á Reykjanesi. Vaxtarsamningur styrkir tengt verkefni sem kallast *Fjörur á Reykjanesi – vannýtt auðlind í ferðaþjónustu* og verður það unnið í samstarfi við stoðstofnanir Þekkingarsetursins, Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, Markaðsstofu Reykjanes, Reykjanes jarðvang og Hóþferðir Sævars Baldurssonar ehf. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið styrkir verkefnið *Einstakir sjávarréttir á Suðurnesjum* sem unnið verður í samstarfi við stoðstofnanir Þekkingarsetursins, Veitingahúsið Vitann og Köfunarþjónustu Sigurðar ehf. Allir þessir styrkir, ásamt fleirum sem fengust á síðasta ári, verða nýttir til reksturs rannsóknastöðvar Þekkingarsetursins.

Þá var nýverið send inn styrkumsókn í nýjan Uppbyggingarsjóð Suðurnesja fyrir samstarfsverkefni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum, Þekkingarsetursins og Náttúrustofu Suðvesturlands til þróunar mengunarmiðstöðvar með áherslu á líffræðilega mælikvarða og rannsóknir og vöktun í eiturefnavistfræði. Eru vonir bundnar við að uppbygging slíkrar miðstöðvar, sem yrði einstök hér á landi, gæti stuðlað að aukinni nýtingu á rannsóknaaðstöðu Þekkingarsetursins sem hentar sérstaklega vel til rannsókna í eiturefnavistfræði.

Ein rannsókn hefur verið unnin í blautrýmum þekkingarsetursins á þessu ári, og er hún enn yfirstandandi. Snýr hún að tilraunum til uppbyggingar eldis á evrópska humrinum hér á landi. Rannsóknin er unnin af einkaaðilum með aðkomu Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og þekkingarsetursins. Heimkynni evrópska humarsins eru í hlýjum sjó Miðjarðarhafsins, Svartahafsins og við Atlantshafsstrendur Frakklands, Bretlands og Spánar. Því er hann ræktaður í upphituðum sjó í rannsóknnaðstöðu þekkingarsetursins. Við kjöraðstæður getur humarinn orðið allt að sextíu cm að lengd og sex kg og þykir hinn ljúffengasti veisluréttur. Vonast er til að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum nýti blautrými þekkingarsetursins á seinni hluta árs.

Kynningarefni, bæklingur og myndband á ensku, um rannsóknnaðstöðu þekkingarsetursins var sent til fjölda erlendra vísindamanna, stofnana og háskóla í byrjun árs. Skilaði það strax nokkrum fyrirspurnum sem vonandi munu leiða af sér heimsóknir erlendra vísindamanna og aukna nýtingu á rannsóknnaðstöðunni.

Þrír erlendir vísindamenn og háskólanemar hafa dvalið í þekkingarsetrinu við rannsóknir það sem af er ári og von er á að minnsta kosti einum til viðbótar í sumar.

Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs

Líffræðinemar í eiturefnavistfræði og fuglafræði við Háskóla Íslands voru hér við nám í febrúar og maí. Gengu þær heimsóknir mjög vel. Þá komu líffræðinemendur úr HÍ í vel heppnaða vísindaferð í þekkingarsetrið í byrjun árs.

Alls vinna sex meistara- og doktorsnemar að rannsóknum sínum í þekkingarsetrinu á þessu ári. Tveir þeirra kynntu verkefni sín á ársfundi setursins sem haldinn var 6. maí síðastliðinn. Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur og meistaranemi hjá þekkingarsetrinu, sagði frá fjörurannsóknum á Reykjanesi og Soffía Karen Magnúsdóttir, meistaranemi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, kynnti rannsókn sína á mögulegu eldi á evrópska humrinum á Íslandi. Hún kynnti verkefnið einnig á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra HÍ sem haldinn var á Húsavík í apríl og forstöðumaður þekkingarsetursins sótti.

Annar ársfundur þekkingarsetra og sambærilegra stofnana var haldinn í þekkingarsetrinu á Blönduósi þann 12. febrúar síðastliðinn. Fundurinn var vel sóttur af forstöðumönnum setranna og tókst mjög vel, var bæði áhugaverður og skemmtilegur. Tekin var ákvörðun um að færa tímasetningu fundanna og halda þá frekar í október ár hvert. Annar fundur verður því haldinn í ár, hjá Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi, svo að ekki líði of langt á milli þeirra.

Þekkingarsetrið er einn þátttakenda í verkefni Sandgerðisbæjar sem styrkt er af Comenius Regio hluta Menntaáætlunar ESB. Verkefnið er til tveggja ára og er finnska sveitarfélagið Mänttä-Vilppula samstarfsaðili í því. Verkefnið kallast *Development of curricula and teacher training* og snýr að þróun námskráa, kennsluefnis og þjálfunar fyrir kennara í náttúrufræðum og listgreinum. Markmið verkefnisins er að tengja saman skóla og hinar ýmsu stofnanir og fyrirtæki bæjarfélaganna á þessum sviðum. Hluti nemenda bæði leik- og grunnskólans í Sandgerði komu í heimsókn í þekkingarsetrið nú á vordögum í tengslum við verkefnið. Þriðji bekkur grunnskólans kom með kuðunga og skeljar með sér sem nemendur höfðu fundið í

fjörinni. Þeir suðu, hreinsuðu og flokkuðu kuðungana sem voru svo notaðir í listaverk. Krakkarnir fengu fræðslu um nákuðunga, klettadoppur og þangdoppur og svo var farið í þangálfaleit á nýrri lista- og fræðslusýningu setursins sem ber heitið *Huldir heimar hafsins – Ljós þangálfanna*. Elsti hópur leikskólans í Sandgerði kom í þangálfaleit. Samstarfsverkefninu lauk með heimsókn finnsku þátttakendanna til Íslands í byrjun maímánaðar og sýningu á afrakstri verkefnisins hjá Listatorgi Gallery í Sandgerði.

Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki

Tvö símenntunarnámskeið voru haldin á vorönn 2015 í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, annars vegar fyrirlesturinn Fornleifar og saga á Suðurnesjum og hins vegar Roðsútnámskeið sem haldið var í tengslum við Comeniusar Regio verkefnið sem þekkingarsetrið er aðili að. Eitt námskeið til viðbótar féll niður vegna dræmrar þátttöku.

Líf- og umhverfisfræðingar þekkingarsetursins og Náttúrustofu Suðvesturlands tóku þátt í mjög vel heppnaðri starfsgreinakynningu sem Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar stóð fyrir í apríl. Á kynningunni fá nemendur í 9. og 10. bekk á Suðurnesjum tækifæri til þess að fræðast um fjölmargar starfsgreinar. Okkar fólk mætti með lifandi sjávardýr á svæðið ásamt víðsjá og sýnum og vakti þetta mikla athygli nemenda.

Undanfarið hefur verið unnið að samkomulagi um eignarhald og rekstur sýningarinnar *Heimskautin heilla* við Háskóla Íslands og Sandgerðisbæ. Liður í þeirri vinnu verður gerð heildstæðrar munaskrár sem sett verður saman í sumar af Berglindi Grétu Kristjánsdóttur, meistaránema í safnafræði við Háskóla Íslands. Sótt var um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna til verkefnisins en fékkst hann ekki að þessu sinni.

Þekkingarsetrið varð á síðasta ári formlegur aðili að Reykjanes jarðvangi og verður ein af gestastofum jarðvangsins staðsett í þekkingarsetrinu. Unnið verður að uppsetningu hennar á næsta ári að öllum líkindum. Setrið tók þátt í Jarðvangsviku á Reykjanesi sem stóð frá 26. – 31. maí með tveimur uppákomum, fjörusmakki af grillinu og upplestri úr bók Selmu Hrannar Maríudóttur *Glingló, Dabbi og Rex – Rassaköst á Reykjanesi*. Tókust þær báðar mjög vel.

Þekkingarsetrið sótti um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja í samstarfi við Minjastofnun Íslands til vinnslu og uppsetningar á ljósmynda- og sögusýningunni *Garðvegur 1 – Arfur breyttrar verkmenningar*. Ef styrkur fæst til verksins verður sýningin sett upp í þekkingarsetrinu sem hluti af dagskrá Menningarminjadags Evrópu hér á landi en þemað í ár er arfur verk- og tæknimeningar. Húsnæði þekkingarsetursins að Garðvegi 1 býr yfir mikilli sögu sem fellur vel að þeirri áherslu. Setrið sótti einnig um styrk til reksturs sýninga yfir sumartímamann í Uppbyggingarsjóðinn en hann fékkst því miður ekki að þessu sinni.

Fjöldi nemenda af öllum skólastigum hefur komið í heimsókn það sem af er ári og hafa grunnskólar verið fjölmennastir í þeim hópi eða tæplega 20 skólar af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Nokkrir leikskólar hafa verið í hópi gesta á þessum fyrstu mánuðum ársins auk nemenda frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti einum útskriftarnemanda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og öðrum við Grunnskólann í Sandgerði viðurkenningar fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum við lok vorannar 2015.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Keili hefur verið talsvert vegna heimsókna nemendahópa og annarra verkefna. Í sumar verður aftur í boði námskeið á vegum Keilis fyrir börn á aldrinum 10-13 ára, svokölluð Tækni- og vísindasmiðja, sem Þekkingarsetrið er aðili að.

Uppákomur

Þekkingarsetrið tók þátt í Mannamóti markaðsstofanna sem haldið var í byrjun árs í Reykjavík. Mannamót er kynningarvettvangur ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og þar fengu landsbyggðarfyrirtæki tækifæri til að kynna starfsemi sína fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Þekkingarsetrið kynnti sýningarnar sem eru í boði á Garðveginum auk þess sem fólk gat horft á kynningarmyndband um rannsóknaaðstöðu setursins og stoðstofnana þess.

Franskir kvikmyndagerðarmenn heimsóttu Þekkingarsetrið í febrúar. Þeir voru á ferð um landið í leit að skemmtilegum og áhugaverðum stöðum til að mynda og fundu svo sannarlega einn slíkan í Sandgerði.

Ný heimasíða hefur verið opnuð um líf og störf franska læknisins, vísindamannsins og heimskaufafarans Jean-Baptiste Charcot, en sýning Þekkingarsetursins *Heimskautin heilla*, er einmitt tileinkuð rannsóknastörfum hans. Sýningunni barst peningagjöf frá erlendum velgjörðarmanni, Dr. Bernard Dor, og var hún nýtt til vinnslu heimasíðunnar sem er bæði á íslensku og frönsku. Síðan var unnin af Friðriki Rafnssyni, bókmenntafræðingi og þýðanda, og er slóðin www.charcot.is

Þekkingarsetrið tók þátt í Safnahelgi á Suðurnesjum sem var haldin 15. – 16. mars með helgaropnun og ókeypis aðgangi að sýningum. Setrið var vel sótt þessa daga en um 250 manns komu í heimsókn.

Þann 22. mars var svo opnuð ný og glæsileg sýning í Þekkingarsetrinu, fræðslu- og listasýningin *Huldir heimar hafsins – Ljós þangálfanna*. Sýningin var unnin af Katrínu Þorvaldsdóttur og Eydísi Mary Jónsdóttur. Á sýningunni er vísindalegum fróðleik um mikilvægi hafsins og hættur sem að því steðja, fléttað saman við ævintýraheim þangálfanna. Texti sýningarinnar er bæði á íslensku og ensku. Tæplega 200 manns voru við opnun sýningarinnar og síðan þá hafa fjölmargir gestir skoðað hana til viðbótar. Kennsluefni í tengslum við efni hennar er í boði fyrir nemendur leik- og grunnskóla.

Páskaeggjaleit var haldin í sýningarsölum Þekkingarsetursins þriðjudaginn fyrir páska og fundu börnin sem mættu yfir 80 páskaegg eftir fjöruga leit.

Ráðstöfun fjárframlags

Ráðstöfun fjárframlags hefur að mestu verið eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2015. Launakostnaður er lægri nú en áður vegna fæðingarorlofs forstöðumanns en því líkur um miðjan júlí. Þá verða starfsmenn setursins fjórir talsins í þremur og hálfu stöðugildi. Engin útseld verkefni hafa verið unnin það sem af er ári en vinna við vöktun vegna fráveitu affallsvökva til Arfadalsvíkur í Grindavík er hafin á vegum Náttúrustofu Suðvesturlands og mun þekkingarsetrið fá tekjur af því verkefni.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld á fyrstu fimm mánuðum ársins 2015, í samanburði við rekstraráætlun, má sjá á næstu blaðsíðu.

Staða bókhalds Þekkingarseturs Suðurnesja 31. maí 2015:

	Áætluð gjöld 2015	Áætlaðar tekjur 2015	Gjöld 1.1. – 31.5.	Tekjur 1.1. – 31.5.
Fjármagn frá Menntamálaráðuneyti		16.500.000		6.790.000
Fjármagn frá Sandgerðisbæ		4.800.000		5.479.509
Tekjur vegna útseldra verkefna		1.800.000		0
Leigutekjur vegna húsnæðis		3.600.000		1.500.000
Tekjur vegna aðstöðu		1.800.000		712.716
Tekjur vegna aðgangseyris og námskeiða		840.000		484.814
Styrkir		4.400.000		1.000.000
Starfsmannasjóður og innvextir		70.000		21.285
Laun og launatengd gjöld	23.450.000		9.512.291	
Rekstur húsnæðis	8.068.000		2.869.871	
Rekstur skrifstofu	3.095.800		1.444.881	
Samtals	34.613.800	33.810.000	13.827.043	15.988.324